

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi

Erindi nr. P 139/72

komudagur 4.11.2010

Alþingi
B.t. nefndasviðs.
v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK

1. nóvember 2010

Tilvísun: 2010100062

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála (flýtimeðferð mála um gengistryggð lán), 20. mál.

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvupósts nefndasviðs dags. 19. október sl. þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála (flýtimeðferð mála um gengistryggð lán), 20. mál.


Fjármálaeftirlitið hefur yfirfarið frumvarpið. Fjármálaeftirlitið bendir á að tilgreining 1. gr. frumvarpsins á þeim málum sem fallið geta undir ákvæðið er óljós. Á það sérstaklega við um orðalagið „deilt um lögmæti þess að binda fjárskuldbindingu við verðlag“. Verðlag er ekki viðurkennd viðmiðun til útreiknings fjárkröfu og því er orðalagið illskiljanlegt.


Í greinargerð með frumvarpinu er fjallað um dóma Hæstaréttar sem féllu í sumar og haust og vörðuðu heimild til að binda fjárhæðir í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla. Segir svo að viðbúið sé að látið verði reyna eftir atvikum á önnur álitamál sem tengjast gengis- eða verðtryggingu lána fyrir dómstólum. Sé ætlunin með frumvarpinu að heimila einnig flýtimeðferð mála er snúa að lögmæti þess að verðtryggja fjárskuldbindingar er nauðsynlegt að kveða skýrar á um það í lagaákvæðinu.

Fjármálaeftirlitið veitir fyllri upplýsingar ef óskað er.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ


Unnur Gunnarsdóttir


Guðrún Finnborg Þórðardóttir